

Tilkynning um skólahald hjá Akureyrarbæ frá fræðslufirvöldum

Stjórnendur leik-, grunn- og tónlistarskóla Akureyrarbæjar hafa síðan á föstudag unnið að útfærslu á skólastarfi í samræmi við tilmæli sóttvarnarlæknis og stjórnvalda. Í dag hefur allt starfsfólk komið að málum og hver skóli útfært starf í viðkomandi skóla næstu daga og vikur.

Í ljósi þess að skólastarf verður með mismunandi hætti milli skóla eru foreldrar beðnir um fylgjast vel með upplýsingum sem birtast munu á heimasíðum skólanna auk þess sem allir foreldrar munu fá nánari upplýsingar í tölvupósti í dag, mánudag.

Grunnskólar

Kennsla verður í hópum með hámark 20 nemendum og ekki verður um blöndun hópa að ræða innan skóladagsins. Skólar munu halda úti eins miklu skólastarfi og kennslu og kostur er við þessar aðstæður. Útfærslan verður í höndum hvers skóla að skiptingu kennslu milli viðveru í skóla og náms heima. Nákvæm útfærsla verður því ólík milli skóla, allt eftir mannafla og aðstæðum á hverjum stað.

Öll hefðbundin kennsla í list- og verkgreinastofum mun falla niður og íprótta- og sundkennsla verður í formi hreyfingar á skólalóð, inni í hópastofum eða annarrar útikennslu. Hver skóli skipuleggur nánari tilhögun skóladagsins og kennslutilhögun. Sérdeildir og sérskólar verða með óbreytta starfsemi eftir fremsta megni. Framreiðsla á mat verður í boði ef mögulegt er að koma því við.

Vettvangsferðir falla niður ásamt ferðum í skólabúðir.

Hugað verður sérstaklega að þörfum barna með hverskonar sérþarfir auk þess að tryggja þeim foreldrum sem starfa á heilbrigðisstofnunum þjónustu fyrir þeirra börn.

Frá Síðuskóla mánudaginn 16. mars 2020

Búið er að gera skipulag fyrir næstu vikur. Allt skipulag er unnið samkvæmt tilmælum Almannaþingarinnar og Ríkislögreglustjóra í samráði við fræðslufirvöld og bæjaryfirvöld Akureyrarbæjar. Mjög mikilvægt er að forráðamenn ræði skipulagið vel og vandlega við börnin sín því þau verða að fylgja því eftir í hvívetna. Við bendum líka á að skipulagið getur breyst og því verða allir að fylgjast vel með heimasíðu og tilkynningum frá skólanum í tölvupósti. Nemendur verða að hlíta öllum fyrirmælum starfsfólks og því skipulagi sem skólinn setur sér.

Afar mikilvægt er að huga vel að hreinlæti og ræða oft við börnin um handþvott og sprittun. Skólanum verður skipt niður í einingar og munu nemendur ekki fara á milli eininga heldur vera í sínum stofum allan skólatímann. Sund, ípróttir, list- og verkgreinar og valgreinar verða ekki kenndar samkvæmt stundaskrá en hugað verður að öllum þáttum námsins eins og best verður á kosið. Bókasafn verður lokað.

Það er nauðsynlegt að allir mæti í skólann sem næst þeim tíma sem sett er inn á skipulagið. Með því komum við í veg fyrir að nemendahóparnir blandist. Búið er að skipta hópnum á forstofur skólans og það er nauðsynlegt að skoða það vel. Einnig ætlum við að reyna að fara

út með hópana einhvern tíma dagsins þannig að það er nauðsynlegt að vera klædd til útiveru.

Við munum halda áfram með ávaxta- og mjólkuráskrift en ekki verður boðið upp á hafragraut í skólanum.

Ákveðnir kennarar/starfsfólk verða með sömu hópá nemenda allan daginn í sömu stofum en hugað verður vel að hreyfingu og hvíld hjá öllum. Þetta er mikið álag og því gott að búa börnin undir það. Við verðum öll að standa saman til að þetta megi takast.

Skipulag fyrir 1. -3. bekkur

Árgangur	Stofur	Skóladagur	Inngangur	Frímínútur
1. bekkur (42) Hilla Rannveig Fjóla Haukur Halla Björg Sigrún Ás. Arna	52 og 54	8:00 – 12:30 Matur: 11.15-11.30	D gangur	9:00 - 9:20 A, B og E
2. bekkur (43) Tobba Kristín Sigrún Helga Marta Gyða Bogga	55 og 57	8:00 – 12:30 Matur: 11.40-11.55	Íþróttahús Snagar á íþróttahús- gangi og við salerni í forstofu notaðir	9:00 - 9:20 C, D og gönguferð
3. bekkur (37) Sigga Magga Jóhann Geir Helga Ósk Alda Snædís	13 og 14	8:10 – 12:40 Matur: 12.05-12.20.	D inngangur Ella og Laufey taka á móti nem.	9:25 - 9:45 B og E

4. bekkur (50) Hulda Kristín Svanhildur H. Didda Systa Víðir Edda Elva Ó. Anna Dögg	11, 12 og 16	8:00 – 12:00	C inngangur	9:25 - 9:45 C, D og gönguferð
5. bekkur (42) Kolbrún A. Diljá Rainer Dísa Linda Anna Lilja Helena Hammer	22, 23	8:00 – 12:00	B inngangur	9:40 - 10:00 A, B og E
6. bekkur (22) Hrönn Kata Doddi	31 og 32	8:10 – 12:10	Íþróttahús	9:40 - 10:00 C, D og gönguferð
7. bekkur (27) Jónína Jóhanna Ásm. Stip Helga Dögg Veronika	25 og 26	8:10 – 12:10	B inngangur	10:05 - 10:25 A, B og E

8. bekkur (34) Sigrún Sig. Magnea Pórey Bragi Einar Logi	43 og 44	8:00 – 11:30	A inngangur	10:00 - 10:20 C, D og gönguferð
9. bekkur (40) Þorbjörg Björk Sibba Gulli	40, 41 og 42	8:15 – 11:45	A inngangur	10:20 - 10:40 A, B og E
10. bekkur (31) Sigga Jóh. Ingibjörg Dagný Gunnella Halla Valey	43 og 44	8:30 – 12:00	A inngangur	10:40 - 11:00 C, D og gönguferð